

Fundur hjá skólaráði 10.október 2011

Skólaráð er skipað eftirtöldum:

Svava Bogadóttir skólastjóri
Hilmar Egill Sveinbjörnsson fulltrúi kennara
Þorvaldur Örn Árnason fulltrúi kennara
Þórdís Símonardóttir fulltrúi annarra starfsmanna
Aron Ingi Gestsson fulltrúi nemenda
Ingbór Guðmundsson fulltrúi foreldra
Gísli Jónmundsson fulltrúi foreldra
Jón Ingi Baldvinsson aðstoðarskólastjóri

Mættir voru: Gísli Jónmundsson, Ingbór Guðmundsson, Þórdís Símonardóttir, Aron Ingi Gestsson, Jón Ingi Baldvinsson, Svava Bogadóttir.

- Ákveðið að breyta fundartíma og hafa hann næst eftir hádegi, kl.14
- Farið yfir Starfs – og sjálfsmatsáætlun Stóru-Vogaskóla, gerðar voru nokkrar athugasemdir:
 - Vantar inn í ýmis verkefni þróunarverkefni eins og náttúrufræði og endurskoðun á námsefni og aðferðum í stærðfræði í 5.-10.bekk
 - Einnig komu nokkrar athugasemdir varðandi viðmið sem þóttu ekki nógu há
- Í starfsmannamálum upplýst að búið er að auglýsa eftir kennara vegna fæðingarorlofs frá 20.nóvember
- Símenntunaráætlun kynnt og kom það fundarmönnum á óvart að kennarar eigi að stunda símenntun utan venjulegs starfstíma skólans, en það gera þeir ýmist yfir vetrartímann eða á sumrin. Áætlunina má sjá á heimasíðu skólans.
- Skólanámskrá 2011-2012 – almennur hluti, farið yfir námskrána, engar athugasemdir.
- Skólalóðin. Fundarmenn lýsa yfir áhyggjum sínum af því að Hreystivöllurinn skuli vera ónothæfur. Fundarmenn sömdu ályktun sem hljóðar svo: „ Skólaráð Stóru-Vogaskóla skorar á bæjarstjórn að koma Hreystivelli aftur í gagnið. Hans er sárt saknað af nemendum. Ef Hreystivöllur verður fjarlægður verður stór eyða á skólalóðinni sem ennþá dýrara er að fylla.“
- Kennsla í forföllum. Skólastjóri las bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu um forfallakennslu í grunnskólum. Bréfið hljóðar svo:
„Á síðasta skólaári bárust mennta- og menningarmálaráðuneytinu upplýsingar og ábendingar um að forfallakennslu í grunnskólum hafi víða ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti.

Ráðuneytið vill af þessu tilefni árétta að samkvæmt 28.gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 á vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla að lágmarki að vera 1200 mínútur í 1.-4.bekk, 1400 mínútur í 5.-7.bekk og 1480 mínútur í 8.-10.bekk. Heimilt er að víkja frá vikulegum lágmarkskennslutíma skv. 2.mgr. tímabundið, en nemendum skal þá tryggð viðbótarkennsla sem nemur frávikinun innan sama skólaárs.

Mörg sveitarfélög leita nú allra leiða til að hagræða í ljósi breytinga á efnahag. Ráðuneytið vill með erindi þessu vekja athygli á mikilvægi þess að sveitarfélög og skólar forgangsraði í þágu grunnenntunar og velferðar barna og skerði ekki lögbundinn kennslutíma nemenda.

Ráðuneytið hvetur grunnskóla til að taka skipulag forfallakennslu til umfjöllunar í skólaráði skólans í ljósi þessarar hvatningar ráðuneytisins.“

Fundarritari Svava Bogadóttir